

**Sp.**

**380. Fyrirspurnir.**

[195. mál]

- I. Til ríkisstjórnarinnar um árangur rannsókna á möguleikum til hafnargerða við Dyrhólaey og í Þykkvabæ.

Frá Karli Guðjónssyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar um athuganir á hafnarframkvæmdum við Dyrhólaey í Vestur-Skaftafellssýslu og í Þykkvabæ í Rangárvallasýslu, sem samþykkt var á Alþingi á öndverðu ári 1961?

- II. Til fjármálaráðherra um greiðslu opinberra gjalda af launum.

Frá Eggert G. Þorsteinssyni.

1. Hvað líður rannsókn og athugun á því, að opinber gjöld verði innheimt af launum, jafnóðum og þau eru greidd?
2. Eru líkur til, að slík tilhögun á gjaldainnheimtu verði að veruleika í næstu framtíð?

- III. Til atvinnumálaráðherra um starfsfræðslu.

Frá Valtýr Kristjánssyni.

1. Hvað hefur atvinnumálaráðherra gert til þess að tryggja, að unglingar í dreifbýlinu eigi hið fyrsta kost á nauðsynlegri starfsfræðslu, sem þegar hefur verið hafin í Reykjavík?
2. Hvernig er áformað að verja fjárhæð þeirri, sem á 16. gr., IX. lið, fjárlaga 1963 er ætluð til starfsfræðslu utan Reykjavíkur?